



Hvalfjarðarsveit, 8. maí 2017

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík.  
Netf: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Með tölvupósti frá Nefndasviði Alþingis, dags 11.04.2017 var óskað eftir umsögn vegna frumvarps til breytinga á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (mál nr. 376).

Af lestri 47. gr. frumvarpsins mætti ætla að innleiða ætti tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði.

Væri það hið rétta í málinu gerði Heilbrigðiseftirlit Vesturlands ekki alvarlegar athugasemdir við frumvarpið.

Annað kemur hins vegar í ljós við lestur frumvarpsins. Þarna er verið að gjörbylta núverandi kerfi vegna eftirlits og starfsleyfisútgáfu og í greinargerð með frumvarpinu m.a. haldið fram að þetta sé gert til að einfalda og gæta samræmis í eftirliti og auka skilvirkni.

Er slíku slegið fram án þess að fullnægjandi rök séu dregin fram.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett reglugerð um skráningu fyrirtækja í stað starfsleyfis.

Þá er gert ráð fyrir að öll starfsleyfisvinnsla og útgáfa starfsleyfa flytist til Umhverfisstofnunar en eftirlit með fyrirtækjum verði hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna. Um frekari útfærslu er ekki vikið enda óljóst hvernig kynna eigi almenningi og fyrirtækjum þetta breytta form og hver eigi að sjá um fræðslu eða leiðbeiningarhlutverkið. Þá er ekki vikið að þvingunarúrræðum og hver eigi að beita þeim, eftirlitsaðili eða sá sem gefur út starfsleyfið. Það hefur ætíð verið álit heilbrigðisnefndar Vesturlands að útgefandi starfsleyfis einn geti beitt þvingunarúrræðum eða svipt fyrirtæki starfsleyfi.

Var ekki verið að boða einföldun á regluverkinu?

Við breytingu á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, sem tóku gildi um s.l. áramót, var boðuð einföldun og skilvirkni á starfsemi heimagistingar.

Strax var ljóst að breytingin mundi leiða til meira flækjustigs en boðað hafði verið enda var þeim sem ætluðu út í heimagistingu gert að afla sér starfsleyfis heilbrigðisnefndar og skrá síðan viðkomandi gististað hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Á þeim 4 mánuðum sem liðnir eru frá breytingu laganna kemur í ljós að á heimasíðu sýslumanns eru skráðir gististaðir sem aldrei hafa verið skoðaðir af hálfu heilbrigðisnefndar og því ekki með starfsleyfi.

Þarna var farið heldur geyst í breytingar á lögum sem skiluðu alls ekki þeim árangri sem til var ætlast.

Samt skal haldið áfram á sömu braut, þ.e. að skrá fyrirtæki sem áður þurftu að hafa starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) tekur heils hugar undir umsögn, dags. 02.05.2017, sem Samband íslenskra sveitarfélagahefur sendi inn vegna frumvarpsins og telur að samráð eða samtal hafi ekki farið fram við gerð fyrirbyggjandi frumvarps.

HeV beinir þeirri ósk til háttvirtra þingmanna að samþykkja ekki fyrirbyggjandi ákvæði í fyrirbyggjandi frumvarpi sem taka til kerfisbreytinga og beini því til framkvæmdavaldsins að vanda betur til vinnubragða við gerð frumvarpa sem lögð eru fyrir þingið.

Virðingarfyllst,

  
framkv.stj. heilbrigðiseftirlits